

Ed.

**165. Frumvarp**

til laga um sjúkrasamlög.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson. Aug. Flygenring.

1. gr.

Það er sjúkrasamlag, ef menn bindast félagsskap í því skyni, að tryggja hver öðrum gegn tilteknum iðgjöldum uppbót á því fjártjóni, sem veikindi valda.

2. gr.

Sjúkrasamlög eiga heimting á því, að þau séu lögskráð, ef þau fylgja fyrirmælum þessara laga, og ber þeim þá styrkur úr landssjóði, 2 krónur á ári á hvern féлага, sem árlangt hefir greitt iðgjald í samlagsjóð.

Stjórnarráðið ræður lögskráningu sjúkrasamlaga og hefir allar þær gætur á þeim, sem því þykir þurfa.

3. gr.

Þessi eru skilyrðin fyrir því, að sjúkrasamlag geti orðið lögskráð:

1. Samlagið skal taka yfir tiltekið svæði, venjulega einn hrepp eða kaupstað.
2. Það skal veita viðtöku og full félagsréttindi hverjum manni, jafnt karli sem konu, ef hann sannar:
  - a. að hann eigi heima í samlagshéraðinu,
  - b. sé eigi yngri en 15 ára og eigi eldri en fertugur, er hann beiðist viðtöku,
  - c. hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 1200 kr. að viðbættum 100 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem hann framfleytir.
  - d. eigi ekki skuldlausar eignir, er nemi meiru en 5000 kr.,
  - e. hafi engan viðloðandi eða ólæknandi sjúkdóm, er skerði eða geti skert vinnuþol hans, enda sé hann fullhraustur er hann gengur í samlagið.
3. Lögskráð sjúkrasamlög mega og veita viðtöku mönnum, sem eru yfir fertugt, gegn hærri iðgjöldum. Þau mega einnig veita mönnum viðtöku, þó að þá bresti hin önnur skilyrði í 2. stafflið þessarar greinar, en ekki skulu slíkir félagar eiga tilkall til neinnar tryggingar eða nokkurs styrks úr samlagsjóði eða landssjóði; þeir eru hlutlausir en hinir hluttækir.
4. Sjúkrasamlag verða því að eins lögskráð, að í því séu að minsta kosti 50 hluttækir félagar.
5. Sjúkrasamlög skulu veita hverjum hluttækum féлага tryggingu fyrir ókeypis læknishjálpi, ef sjúkdóm ber að höndum, ókeypis sjúkrahúsvist, hvenær sem þess gerist þörf, og dagpeningum eigi minnum en 50 aorum á dag og eigi meirum en nemi  $\frac{2}{3}$  af venjulegum dagtekjum sjúklingsins.

Dagpeningatryggingin tekur þó til þeirra einna, sem eru 18 ára eða eldri. Stjórnarráðið gefur og leyft að dagpeningar falli niður, ef um giftar konur er að ræða, eða vistráðin hjú, eða aðra þá, sem halda kaupí sínu, þó að þeir séu frá verki vegna veikinda.
6. Iðgjöld hvers sjúkrasamlags skulu vera svo há, að stjórnarráðið telji þau nægja ásamt landssjóðsstyrknum fyrir þeirri tryggingu, sem samþykkt hvers samlags heitir samlagsmönnum.
7. Samlagið skal haga störfum sínum og stjórn eftir reglum, sem stjórnarráðið setur.

4. gr.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd að samþykktum handa sjúkrasamlögnm.

5. gr.

Ef sjúkrasamlag hættir að gegna þeim skilyrðum, sem sett eru í 3. gr., þá fellur niður styrkurinn úr landssjóði og afskifti stjórnarráðsins af sjúkrasamlaginu.